

146. löggjafarþing 2016–2017.  
Þingskjal 869 — 572. mál.

## Fyrirspurn

**til félags- og jafnréttismálaráðherra um tekjur og gjöld  
stofnana á málefnasviði ráðherra.**

Frá Jóni Þór Ólafssyni og Birni Leví Gunnarssyni.

Hverjar eru tekjur og gjöld þeirra stofnana sem heyra undir málefnasvið ráðherra og hver er áætluð þróun útgjalda samkvæmt fjármálaáætlun 2018–2022? Óskað er eftir sundurliðun eftir málefnasviðum og hagrænni flokkun, sundurliðað í launakostnað og rekstrarkostnað, skipt eftir lögbundnum verkefnum, þ.m.t. tímabundnum verkefnum, yfirstandandi og fyrirhuguðum, og öðrum kostnaðarliðum.

**Skriflegt svar óskast.**